Sþ. **1026. Nefndarálit**

um till. til þál. um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Við þingsályktunartillögu þessa lá fyrir breytingartillaga á þskj. 867, þess efnis, að til viðbótar þeim rafveitum, sem í till. greinir, væri bætt við rafveitu til Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu, og tók nefndin breytingartillögu þessa einnig til meðferðar.

Nefndin hefur rætt við samgöngumálaráðherra um tillögur þessar eins og um aðrar tillögur, sem nefndin hefur haft til meðferðar um sama efni, og mælti hann með þessum tillögum.

Nefndinni hafði borizt álit og greinargerð frá rafmagnseftirliti ríkisins um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu, og enn fremur sendi nefndin breytingartill. til umsagnar forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins, og barst nefndinni álitsgerð frá forstjóranum viðvíkjandi Þykkvabæjarlínunni.

Að öllu þessu athuguðu samþykkti nefndin að mæla með þessum till., ef þeim væri breytt í samræmi við aðrar hliðstæðar tillögur svipaðs eðlis, sem sumpart er búið að afgreiða og sumpart bíða nú afgreiðslu Alþingis.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu eða næsta ári til kaupa á efni í rafveitur frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu og til þeirra sveitabýla, er til greina geta komið að njóta raforku frá veitum þessum.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um efniskaup í rafveitur í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Alþingi, 2. febr. 1945.

Pétur Ottesen, form. | Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. | Jónas Jónsson.

Þorst. Þorsteinsson. | Þóroddur Guðmundsson. | Guðm. Í. Guðmundsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. | Lúðvík Jósefsson.

Sig. Kristjánsson.